

Þingeyri, 19.11.2020

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Efni: Tjarnarreitur á Þingeyri í deiliskipulagi.

Sóknarnefnd Þingeyrarkirkju vill koma þeim ábendingum á framfæri að svæðið sem er til hliðar við kirkjugarðinn (næst prestbústaðnum) hefur verið á áætlun til stækkunar á kirkjugarðinum til margra ára. Þingeyrarhreppur hinn forni gaf munnlegt samþykki þess hér á árum áður.

Nú er svo komið að farið er að þrengja að kirkjugarðinum og tímabært að huga að stækkun á honum. Það er því áhyggjuefni okkar ef af þessu skipulagi verður gengið óbreyttu.

Við leggjum það til að kirkjugarðurinn verði stækkaður sem þessu svæði nemur (að götu sem kölluð er Prestsbrekka). Í Lögum um kirkjugarða nr. 36/1994 12. grein kafla IV stendur: “Skyld er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.”

Það verður örugglega mun dýrara fyrir sveitarfélagið að finna kirkjugarðinum annan stað ef ekki verður hægt að stækka hann eins og fyrirhugað hefur verið (en er því miður ekki til á blaði – þar sem um heiðursmannasamkomulag var að ræða fyrir sameiningu árið 1996).

Við vildum því með þessu bréfi koma ábendingu okkar á framfæri áður en framkvæmdir hefjast á Tjarnarreit.

Með vinsemd og virðingu,
Valdimar Elíasson formaður,
sóknarnefnd Þingeyrarsóknar.